



Fréttabréf Brekkuskóla

3. apríl 2017
8. tbl. skólaárið 2016- 2017
Ábyrgðarmenn: Stjórnendur



Ágæta skólasamfélag.

Marsmánuður var viðburðaríkur hjá okkur í Brekkuskóla. Við tókum þátt í Skólahreysti og náðum frábærum árangri, enduðum í 2. sæti. Í Skólahreysti keppa nemendur í grunnskólum landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda. Liðið okkar skipuðu Smári Kristjánsson, Magnea Vignisdóttir, Andrea Þorvaldsdóttir, Egill Bjarni Gíslason, ásamt þeim Maríu Arnarsdóttur og Sævaldi Harðarsyni. Þau stóðu sig öll með þryði og voru skólanum til sóma sem og áhorfendur sem skemmtu sér konunglega í Höllinni.

Þær Hildur Lilja Jónsdóttir og Þórgunnur Una Jónsdóttir kepptu fyrir okkar hönd í Stóru upplestrarkeppninni og stóðu sig einnig mjög vel, tryggðu skólanum 2. og 3. sæti.

Við tókum á móti erlendum gestum frá fimm löndum í tengslum við Erasmus+ verkefni sem skólinn tekur þátt í og ber heitið: Learn, Create and Communicate. Hápunktur þeirrar heimsóknar var vel heppnuð námsstefna sem fór fram á sal skólans 29. mars. Á námsstefnunni kynntu þáttökulöndin þrjú sameiginleg verkefni; kynningarmyndbönd um skólana, myndband þar sem nemendur frá öllum löndunum höfðu samið dans við sama lagið og bók með sextíu kennsluhugmyndum en hún er bæði gefin út á prenti og sem rafbók. Fyrir áhugasama þá fylgja slóðirnar hér með: https://issuu.com/upplýsingataeknitorg/docs/60_inspiring_teaching_ideas <https://youtu.be/Z2gGCVVTlhg>

Þrátt fyrir stuttan aprílmánuð náum við að halda Brekkuvision hæfileikahátíð á mið- og unglingastigi, uppskeruhátíð Litlu upplestrarkeppinnar og tókum á móti leikskólabörnum í heimsóknir. Vorið er handan við hornið og nokkuð er farið að bera á að börn komi á hjólum í skólann. Nú er tíminn til að yfirfara bremsur og annan öryggisbúnað og dusta rykið af hjálminum.

Með vorkveðju úr skólanum, stjórnendur

Brekkuskóli

v/Laugargötu
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Viðburðadagatal og matseðill - apríl

2	3 Steiktur fiskur, kartöflur, sósar, salat og ávextir Leikskólaheimsókn í Íþróttahöll	4 Kjötballur, kartöflur, sósar, grænmeti og ávextir Leikskólaheimsókn í Íþróttahöll	5 Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk. Sílungur, kartöflur, sósar, salat og ávextir	6 Lambapottréttur, kartöflumús, grænmeti og ávextir	7 Pastaréttur, brauð, salat og ávextir Brekkuvision hæfileikahátíð 5.-10. bekkur	8
9 Pálmasunnudagur	10 Páskafrí Frístund opin 8-16 fyrir þá sem eru skráðir	11 Páskafrí Frístund opin 8-16 fyrir þá sem eru skráðir	12 Páskafrí Frístund opin 8-16 fyrir þá sem eru skráðir	13 Skírdagur Páskafrí	14 Föstudagurinn langi Páskafrí	15
16 Páskadagur	17 Annar í páskum Páskafrí	18 Ýsuréttur, kartöflur, sósar, salat og ávextir	19 Kjöt í karrý, kartöflur, hrísgrjón, salat og ávextir	20 Sumardagurinn fyrsti frídagur 	21 Starfsdagur Frístund lokað fyrir hádegi	22
23	24 Fiskibollur, kartöflur, sósar, salat og ávextir	25 Kjöt, kjötsúpa og ávextir	26 Grænmetisbuff, hrísgrjón, salat og ávextir	27 Gufusoðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	28 Gúllas, kartöflur, grænmeti og ávextir	29

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir